

Hreppsnefnd Húnavatnshrepps
58. fundur.

Priðjudaginn 21. október 2008 kom hreppsnefnd Húnavatnshrepps saman til fundar að Húnavöllum. kl. 13.00. Björn Magnússon setti fundinn og stjórnaði honum. Jens P. Jensen ritaði fundargerð. Mæting á fundinn að öðru leiti samkvæmt undirskriftum.

Dagskrá:

1. Skýrsla sveitarstjóra.
2. Málefni leikskóla.
3. Endurskoðun fjárhagsáætlunar 2008.
4. Málefni Hveravallafélagsins
5. Fundargerðir:
 - a) 16. ársþings SSNV dags. 19.-20. september 2008.
 - b) Stjórnar Norðurá bs dags. 20. ágúst 2008.
 - c) Heilbrigðisnefndar Norðurl-vestra dags. 7. okt. 2008.
 - d) Aðalfundar Brunavarna Austur-Hún. dags. 8. okt. 2008.
 - e) Stjórnar Félags- og skólaþjónustu A-Hún. dags. 1. okt. 2008, ásamt endurskoðaðri fjárhagsáætlun 2008.
 - f) Verkfundar vegna rotþróarverkefnis dags. 10. okt. 2008.
6. Bréf.
 - a) Frá Forsætisráðuneytinu dags. 18. sept. 2008
 - b) Frá Eignarhaldsfélagi BÍ dags. 2. okt. 2008.
 - c) Frá SSNV atvinnuþróun dags. 30. sept. 2008.
 - d) Frá UMF. Bólstaðarhlíðarhrepps dags. 12. okt. 2008.
 - e) Frá Árna Bragasyni dags. 21. sept. 2008.
 - f) Frá SSNV dags. 13. okt. 2008.
7. Önnur mál

Oddviti bauð fundarmenn velkomna og setti fund kl. 13.10

1. Skýrsla sveitarstjóra.

Sveitarstjóri gerði grein fyrir fundarhöldum m.a. samráðsfundi sveitarfélaga um ástandið í efnahagsmálum og ársfundi Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, sem fram fóru á Grand hótél Rvík föstudaginn 17. okt. s.l. Farið var yfir stöðu framkvæmda á leikskóla og við rotþróarverkefni.

Sveitarstjóra var falið að leita eftir við rekstraraðila Áfangaskálans í sumar, að þeir reki skálann næsta sumar með svipuðu fyrirkomulagi.

Hreppsnefnd Húnavatnshrepps 58. fundur.

Sótt hefur verið um lán til Lánasjóðs sveitarfélaga til fjármögnunar á framkvæmdum sveitarfélagsins. Fyrir fundinum liggur lánsamningur milli Lánasjóðs sveitarfélaga og Húnavatnshrepps. Eftirfarandi samþykkt var gerð:

Hreppsnefnd samþykkir hér með að taka lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga ohf, að fjárhæð 25.000.000.kr. til 10 ára, í samræmi við lánstilboð sem liggur fyrir fundinum. Til tryggingar láninu standa tekjur sveitarfélagsins, sbr. heimild í 3. mgr. 73. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998. Lánið er tekið til að fjármagna framkvæmdir á árinu 2008 m.a. við leikskóla, skóla og rotþrær, sbr. 3. gr. laga um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 150/2006.

Jafnframt er Jens P. Jensen kt. 070951-7469, veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess f.h. Húnavatnshrepps að undirrita lánsamning við Lánasjóð sveitarfélaga ohf, sbr. framangreint, sem og til þess að móttaka, undirrita og gefa út og afhenda hvers kyns skjöl, fyrimæli og tilkynningar, sem tengjast lántöku þessari.

Tillagan var borin upp til atkvæða og samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

2. Málefni leikskóla.

Rætt um stöðu framkvæmda. Auglýst hefur verið eftir starfskrafti í hlutastarf á leikskólanum.

3. Endurskoðun fjárhagsáætlunar 2008.

Sveitarstjóri gerði grein fyrir þeim breytingum sem gerðar hafa verið á fjárhagsáætlun árisins 2008. Tekjuhlið hækkar um 4% frá fyrri áætlun og munar þar mest um hækkun á áætluðum framlögum frá Jöfnunarsjóði og hækkunum á grunni fasteignagjalda. Rekstur málaflokka hækkar í heild um 3% og skýrist það aðallega af áætluðum hækkunum vegna félagsþjónustu, menningarmála, æskulýðs- og íþróttamála, hreinlætismála og umhverfis- og atvinnumála.

Samkvæmt endurskoðaðri fjárhagsáætlun fyrir árið 2008 er gert ráð fyrir að rekstur samstæðu verði jákvæður um 9,6 milljónir.

Í fjárfestingar eru áætlaðar um 52 milljónir. Gert er ráð fyrir 25 milljón kr. lántöku og að 27 milljónir verði fjármagnaðar af eigin fé.

Lögð var fram svohljóðandi tillaga: Hreppsnefnd Húnavatnshrepps samþykkir endurskoðaða fjárhagsáætlun fyrir árið 2008.

Endurskoðuð fjárhagsáætlun var samþykkt samhljóða.

4. Málefni Hveravallafélagsins.

Oddviti gerði grein fyrir framkvæmdum við húsnæði Hveravallafélagsins. Unnið hefur verið við drenlagnir og áætlað er að festa kaup á gámahúsi fyrir nýjar snyrtingar. Fram kom að auka þurfi hlutafé í Hveravallafélaginu til að standa undir framkvæmdum. Þar sem sveitarfélagið er meirihluta eigandi í Hveravallafélaginu samþykkti hreppsnefnd að sveitarfélagið ábyrgist yfirdrátt vegna félagsins á allt að tveimur milljónum króna í nýja Kaupþingi útibúinu á Blönduósi.

Hreppsnefnd Húnavatnshrepps
58. fundur.

5. Fundargerðir:

a) 16. ársþings SSNV dags. 19.-20. september 2008.

Lögð fram til kynningar.

b) Stjórnar Norðurá bs dags. 20. ágúst 2008.

Lögð fram til kynningar.

c) Heilbrigðisnefndar Norðurl-vestra dags. 7. okt. 2008.

Lögð fram til kynningar.

d) Aðalfundar Brunavarna Austur-Hún. dags. 8. okt. 2008.

Lögð fram til kynningar.

**e) Stjórnar Félags- og skólaþjónustu A-Hún. dags. 1. okt. 2008,
ásamt endurskoðaðri fjárhagsáætlun 2008.**

Lögð fram til kynningar. Hreppsnefnd gerir ekki athugasemd við fundargerðina.

f) Verkfundar vegna rotþróarverkefnis dags. 10. okt. 2008.

Lögð fram til kynningar.

6. Bréf.

a) Frá forsætisráðuneytinu dags. 18. sept. 2008

Efni: Forsætisráðuneytið leitar eftir samþykki Húnavatnshrepps fyrir stofnun fasteignarinnar "Biskupstungnaafréttur norðan vatna" í landsskrá fasteigna.

Sveitarstjóra falið að kynna málið fyrir sjálfseignarstofnun Eyvindarstaðaheiðar og Auðkúluheiðar. Jafnframt var sveitarstjóra falið að leita eftir leiðréttingu á misritun staðháttá.

b) Frá Eignarhaldsfélagi BÍ dags. 2. okt. 2008.

Efni: Ágóðahlutagreiðsla 2008.

Hlutdeild Húnavatnshrepps í 450 milljóna kr. ágóðahlut ársins 2008 er 999 þúsund kr.

c) Frá SSNV atvinnuþróun dags. 30. sept. 2008.

Efni: Beiðni um fjárstyrk vegna atvinnulífssýningar Húnavatnssýslna, sem fyrirhugað er að halda í Perlunni í Reykjavík í febrúar 2009.

Erindinu var vísað til fjárhagsáætlunar 2009.

d) Frá UMF. Bólstaðarhlíðarhrepps dags. 12. okt. 2008.

Efni: Beiðni um fjárstyrk.

Hreppsnefnd samþykkti samhljóða að verða við erindu og greiða 1000 krónur á hvern íbúa á starfssvæði ungmennafélagsins.

Hreppsnefnd Húnavatnshrepps
58. fundur.

e) Frá Árna Bragasyni dags. 21. sept. 2008.

Efni: Tjónabætur:

Þeim Birni Magnússyni og Tryggva Jónssyni var falið að ræða erindið við bréfitara.

f) Frá SSNV dags. 13. okt. 2008.

Efni: Fundarboð vegna fundar sveitarstjórnarmanna á Norðurlandi vestra með þingmönnum kjördæmisins, föstudaginn 24. október 2008, á Blönduósi.

Lagt fram til kynningar.

7. Önnur mál

Jóhanna ræddi um það hvort ekki væri rétt að fara í viðræður um að bókasafnið á Blönduósi og í Dalsmynni hefðu meira samráð t.d. varðandi bókakaup.

Lagt fram til kynningar erindi frá Birgi Gestssyni á Kornsá, dags. 27. sept. 2008, varðandi kostnaðarhluta við viðhald girðingar á milli Kornsár og Kornsársselslands, frá Kornsá að Gljúfurá.

Tillaga að matsáætlun vegna Blöndulínu 3. lögð fram til kynningar. Óskað er eftir umsögn frá Húnavatnshreppi um tillögu að matsáætlun fyrir 3. nóvember n.k. Hreppsnefnd hefur ekki haft tækifæri til lesa yfir tillöguna. Sveitarstjóra falið að afla umsagna sveitarstjórnarmanna fyrir lok umsagnarfrests.

Áætlað er að halda næsta fund í hreppsnefnd þriðjudaginn 11. nóvember 2008.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 16.35

Björn Magnússon

Tryggvi Jónsson

Jón Gíslason

Birgir Ingbórsson

Jóhanna E Pálmadóttir

Ólöf Birna Björnsdóttir

Gróa M. Lárusdóttir

Jens P. Jensen